

Greiðslujöfnuður við útlönd á fjórða ársfjórðungi og erlend staða þjóðarbúsins í árslok 2005

Á fjórða ársfjórðungi 2005 varð 53,1 milljarðs króna halli á viðskiptum við útlönd samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands. Á sama tímabili 2004 var viðskiptahallinn 35,2 milljarðar króna. Viðskiptahallinn var samtals 164,1 milljarður króna á árinu 2005 samanborið við 85,3 milljarða króna árið áður. Útflutningur vöru og þjónustu var 12,6% meiri á árinu 2005 og innflutningur var um 38,2% meiri en á fyrra ári reiknað á föstu gengi¹. Halli á vöruskiptajöfnuði við útlönd nam 93 milljörðum króna og hallinn á þjónustujöfnuði var 40,2 milljarðar króna á árinu 2005. Jöfnuður þáttatekna var neikvæður um 29,1 milljarð króna 2005 samanborið við 33,2 milljarða 2004. Minni halli þáttatekna skýrist af auknum tekjum af beinum fjárfestingum erlendis þrátt fyrir aukna vaxtabyrði erlendra skulda. Rekstrarframlög til erlendra aðila voru 1,7 milljarði króna meiri en framlög erlendis frá til innlendra aðila á árinu 2005.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Október- desember</i>		<i>Janúar- desember</i>	
	<i>2004</i>	<i>2005</i>	<i>2004</i>	<i>2005</i>
Viðskiptajöfnuður	-35,2	-53,1	-85,3	-164,1
Útflutningur vöru og þjónustu	78,4	79,5	316,3	313,2
Innflutningur vöru og þjónustu	-97,6	-120,3	-367,3	-446,5
Þáttatekjur og framlög, nettó	-16,0	-12,2	-34,3	-30,8
Fjármagnsjöfnuður	68,5	-17,2	127,8	178,2
Hreyfingar án forða	69,2	-20,3	142,3	184,6
Erlendar eignir, nettó	-197,1	-732,0	-516,1	-1.447,2
Erlendar skuldir, nettó	266,2	711,6	658,3	1.631,8
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-0,6	3,7	-14,2	-4,7
<i>Skekkiur og vantalið, nettó</i>	<i>-33,3</i>	<i>70,4</i>	<i>-42,5</i>	<i>-14,1</i>

Fjármagnshreyfingar voru miklar á árinu 2005 og nam hreint fjárinnstreymi til landsins 178,2 milljörðum króna. Fjárinnstreymið skýrist að stærstum hluta af skuldabréfaútgáfu innlendra banka í útlöndum og lántökum fyrirtækja til fjárfestinga erlendis. Bein fjárfesting innlendra aðila í útlöndum var 421,3 milljarðar króna á árinu 2005 og fjárústreymi vegna kaupa Íslendinga á erlendum verðbréfum nam 210,9 milljörðum króna. Þá var mikið fjárústreymi vegna annarrar eignamyndunar í útlöndum, einkum aukinna innstæðna

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 12,1% lægri á árinu 2005 en árið áður.

og útlána innlendra banka til erlendra lánþega. Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst á árinu um 4,7 milljarða króna og nam 67,3 milljörðum króna í árslok 2005.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 829 milljarða króna í árslok 2005 og hafði versnað um 163 milljarða króna frá ársbyrjun. Erlendar eignir hækkuðu um 1.245 milljarða króna og námu 2.398 milljörðum króna í árslok 2005 en skuldastaðan nam 3.227 milljörðum króna.

Meðfylgjandi töflur sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins á árinu 2005 ásamt endurskoðuðum tölum fyrri ára. Þáttatekjur hafa verið leiðréttar frá árinu 2002 fyrir breyttri aðferðafræði við útreikning vaxtagjalda erlendra lána. Reiknaðir eru áfallnir vextir í stað greiddra vaxta áður og er breytingin til samræmis við alþjóðastaðla. Breytingin veldur lækkun vaxtagjalda á árinu 2002 en hækkun á árunum 2003 og 2004. Á árinu 2005 voru áfallnir vextir um 7 milljörðum króna hærri en greiddir vextir vegna vaxandi skulda og lítilsháttar hækkunar erlendra vaxta. Erlend verðbréfaeign var einnig leiðrétt í samræmi við niðurstöðu könnunar um stöðu og landaskiptingu hennar í árslok 2004 eins og greint er frá í tengdu efni í hagtölum Seðlabankans um viðskipti með verðbréf útgefin erlendis.

Í dag munu birtast nýjar hagtölur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu á heimasíðu Seðlabankans (www.sedlabanki.is). Einnig verður birt yfirlit um erlendar skuldir þjóðarinnar í samræmi við birtingarstaðal Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þar er einnig að finna lýsigögn um aðferðafræði, svo sem tilgang, hugtök og skilgreiningu, gagnaheimilda og úrvinnslu hagtalna Seðlabankans.

Nánari upplýsingar veita Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri tölfræðisviðs Seðlabanka Íslands og Jakob Gunnarsson deildarstjóri á tölfræðisviði í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Okt. - des.		Janúar - desember		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2004	2005	2004	2005	
Viðskiptajöfnuður	-35.213	-53.050	-85.313	-164.060	
Útflutningur vöru og þjónustu	78.441	79.457	316.291	313.216	12,6%
Innflutningur vöru og þjónustu	-97.646	-120.275	-367.265	-446.457	38,2%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-16.008	-12.232	-34.339	-30.819	
Vöruskiptajöfnuður	-10.553	-22.445	-36.547	-93.039	
Útfluttar vörur, f.o.b.	52.898	53.477	202.373	194.356	9,2%
Innfluttar vörur, f.o.b.	-63.451	-75.922	-238.920	-287.395	36,8%
Þjónustujöfnuður	-8.652	-18.373	-14.427	-40.202	
Útflutt þjónusta, alls	25.543	25.980	113.918	118.860	18,6%
Samgöngur	15.490	13.397	63.232	62.354	12,1%
Ferðalög	4.575	4.551	26.079	25.752	12,3%
Önnur þjónusta	5.478	8.032	24.607	30.754	42,1%
Innflutt þjónusta	-34.195	-44.353	-128.345	-159.062	40,9%
Samgöngur	-13.012	-15.767	-48.799	-56.244	31,1%
Ferðalög	-13.286	-16.779	-48.501	-61.232	43,6%
Önnur þjónusta	-7.897	-11.807	-31.045	-41.586	52,3%
Þáttatekjur, nettó	-15.731	-11.590	-33.159	-29.100	
Tekjur	9.032	45.194	32.515	93.485	226,9%
Laun	1.425	1.196	5.624	4.639	-6,2%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	7.607	43.998	26.891	88.846	275,7%
Gjöld	-24.763	-56.784	-65.674	-122.585	112,3%
Laun	-249	-471	-817	-1.533	113,4%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-24.514	-56.313	-64.857	-121.052	112,2%
Rekstrarframlög	-277	-642	-1.180	-1.719	
Fjármagnsjöfnuður	68.500	-17.155	127.793	178.183	
Fjárframlög, nettó	-42	-550	-234	-1.691	
Fjármagnshreyfingar ³	68.542	-16.605	128.027	179.874	
Hreyfingar án forða	69.169	-20.323	142.257	184.594	
Bein fjárfesting, nettó	-15.832	-77.863	-134.506	-274.655	
Innlendir aðilar erlendis	-45.243	-211.760	-179.754	-421.331	
Erlendir aðilar á Íslandi	29.411	133.897	45.248	146.676	
Verðbréfavíðskipti, nettó	186.053	214.867	483.150	853.104	
Erlend verðbréf	-32.052	-98.964	-98.695	-210.898	
Hlutafé	-30.545	-53.302	-104.293	-127.896	
Skuldaskjöl	-1.507	-45.662	5.598	-83.002	
Innlend verðbréf	218.105	313.831	581.845	1.064.002	
Hlutafé	5.502	3.509	20.200	4.526	
Skuldaskjöl	212.603	310.322	561.645	1.059.476	
Annað fjármagn, nettó	-101.052	-157.327	-206.387	-393.855	
Eignir	-119.786	-421.194	-237.570	-814.995	
Skuldir	18.734	263.867	31.183	421.140	
Gjaldeyrisforði	-627	3.718	-14.230	-4.720	
Skekkjur og vantalið	-33.287	70.205	-42.480	-14.123	
<i>Gengisvísitala (1994 = 100)</i>	<i>101,1</i>	<i>88,5</i>	<i>105,3</i>	<i>92,6</i>	<i>-12,1%</i>

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárfúttreyymi vegna eignaaaukningar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	2001	2002	2003	2004	2005*
I. Erlendar eignir, alls	415,9	409,4	708,2	1.153,5	2.398,4
1 Bein fjárfesting erlendis	86,8	101,3	122,5	245,0	597,0
11 Eigið fjármagn	66,8	82,3	110,5	210,6	461,3
12 Lán til tengdra félaga	19,9	19,0	12,1	34,3	135,7
2 Erlend markaðsverðbréf	197,3	159,7	262,3	374,2	627,6
21 Hlutfé	184,8	149,3	239,2	356,4	528,2
22 Skuldaskjöl	12,5	10,4	23,1	17,8	99,4
221 Skuldabréf	9,7	9,6	22,7	17,7	76,1
222 Peningabréf	2,8	0,8	0,4	0,1	23,3
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	95,2	111,2	265,2	468,7	1.106,5
5 Gjaldeyrisforði	36,6	37,2	58,1	65,6	67,3
II. Erlendar skuldir, alls	1.012,2	989,1	1.266,1	1.819,2	3.227,3
1 Bein fjárfesting á Íslandi	70,7	64,3	84,6	121,9	242,0
11 Eigið fjármagn	62,9	56,1	61,8	88,6	210,4
12 Lán frá tengdum félögum	7,8	8,2	22,8	33,3	31,6
2 Innlend markaðsverðbréf	471,3	490,2	776,1	1.302,3	2.297,9
21 Hlutfé	12,1	35,7	42,5	86,6	159,5
22 Skuldaskjöl	459,2	454,4	733,6	1.215,7	2.138,4
221 Skuldabréf	380,2	389,7	611,1	1.082,6	1.996,5
222 Peningabréf	79,0	64,7	122,5	133,0	141,9
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	470,2	434,6	405,4	395,1	687,5
41 Löng lán	377,0	296,2	259,2	213,3	362,0
42 Skammtímaskuldir	93,2	138,4	146,2	181,8	325,5
III. Hrein staða við útlönd	-596,3	-579,7	-557,9	-665,7	-828,9
1. Áhættufjármagn, nettó	188,8	150,5	234,6	392,9	723,7
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-785,1	-730,2	-792,5	-1.058,6	-1.552,6
21 Seðlabankinn	21,7	20,8	58,1	65,5	67,2
22 Hið opinbera	-239,8	-227,2	-220,9	-212,4	-168,8
23 Innlánsstofnanir	-373,7	-361,8	-471,1	-778,2	-1.268,5
24 Aðrir geirar	-193,2	-162,0	-158,6	-133,5	-182,6
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	102,95	80,58	70,99	61,04	62,98
IV. Skuldahlutföll, % af VLF: ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-76,3	-79,9	-69,9	-82,2	-86,2
12 Hrein skuldastaða ²	100,4	100,6	99,3	130,7	161,4
13 Erlend skuldastaða ³	118,9	122,5	142,7	198,8	293,8
131 þ.a. langtímaskuldir	96,9	94,5	109,1	160,0	245,2

*) Bráðabirgðatölur

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfé).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.